




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SINFÓNÍAN Á MYRKUM

31. JANÚAR 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Gangverk englanna: 13'00"

Nostalgia: 15'00"

on Sense and Subjectivity: 8'00"

Chevaux-de-frise: 19'00"

BAKHJARLAR:

vís



GAMMA

SINFÓNÍAN Á MYRKUM

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 31. JANÚAR 2013 » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Una Sveinbjarnardóttir einleikari

Gunnar Andreas Kristinsson *Gangverk englanna (2009, frumflutningur)*

Páll Ragnar Pálsson *Nostalgia, fiðlukonsert (2012, frumflutningur)*

Hlé

Davíð Brynjar Franzson *on Sense and Subjectivity (2012, frumflutningur)*

Gerald Barry *Chevaux-de-frise (1988, 1996)*

Ilan Volkov

hljómssveitarstjóri



Ilan Volkov, aðalhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands, hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa hjá Sinfóníuhljómssveitinni í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómssveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að gegna slíkrri stöðu við bresku útvarpshljómssveitirnar. Hann stýrði hljómssveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátiðunum og lagði áherslu á flutning nýrra verka. Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómssveitar Íslands í september 2011.

Meðal þeirra hljómssveita sem hann stýrir reglulega eru filharmóníuhljómssveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómssveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómssveitin í Washington. Volkov er einnig mikils metinn óperustjóri og hefur stýrt Lundúnaflharmóníunni í *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, *Peter Grimes* við Þjóðaróperuna í Washington, *Evgéní Ónégin* við San Francisco-óperuna og *The Rise and Fall of the City of Mahagonny* eftir Kurt Weill við óperuna í Toulouse.

Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af hljómssveitarverkum Benjamins Britten. Samtímatónlist er Ilan Volkov hugleikin og hlaut tónlistarhátiðin Tectonics, sem Sinfóníuhljómssveit Íslands hélt í fyrsta sinn í mars á síðasta starfsári undir listrænni stjórn Volkovs, hvarvetna frábæra dóma.

Framundan er tónleikaferð með Sinfóníuhljómssveit Íslands til Bandaríkjanna þar sem Volkov stjórnar Sinfóníuhljómssveitinni á Nordic Cool menningarhátiðinni í Kennedy Center í Washington DC. Efnisskráin fyrir tónleikaförina verður flutt í Hörpu á tónleikunum Vestur um haf.

Una Sveinbjarnardóttir

einleikari



Una Sveinbjarnardóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stúdentsprófi af fornmaladeild MR. Hún stundaði nám við Tónlistarháskólann í Köln og Listaháskóla Berlínar, UdK, og lauk þaðan Konzertexamen gráðu. Aðalkennarar hennar voru Mark Reedman, Thomas Brandis og Alban Berg strengjakvartettinn.

Una hefur frumflutt á Íslandi fiðlukonserta eftir Philip Glass og Kurt Weill, *Draumnökkva* Atla Heimis Sveinssonar, *Fiðlukonsert* Högna Egilssonar og *Quasi Concerto* Sveins Lúðvíks Björnssonar. Í desember 2012 lék hún í Hörpu, fiðlukonsert frá barokktímanum sem Jóhannes Ágústsson í 12 tónum uppgötvaði í skjalasafni í Dresden og kenndur hefur verið við fiðlurvirtúósinn Cattaneo. Hún hefur leikið *Fiðlukonsert nr. 1* eftir Shostakovich og *Fiðlukonsert, op. 61* eftir Beethoven með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Una hefur leikið á plötum Bjarkar, Rammstein, Bonnie Prince Billy, Till Brönner, Ane Brun, Mugison og spilað í fjölda kvikmynda. Hún lék í Útvarpshljómsveit Berlínar, RSB, og Þýsku óperunni í Berlín um árabíl og starfaði með Ensemble Modern í Frankfurt. Hún hefur meðal annars unnið með Pierre Boulez, Marek Janowski, Mstislav Rostropovich, Christian Thielemann, Krystof Penderecki, Heinz Holliger og Peter Eötvös. Una fæst við tónsmíðar og vinnur reglulega með Jóhanni Jóhannssyni og Bedroom Community. Hún tekur þátt í tónleikaröðinni Jaðarber í Listasafni Reykjavíkur og leikur 1. fiðlu í strengjakvartettinum Siggi og HUGO.

Una er konsertmeistari Kammersveitar Reykjavíkur og hefur verið gestakonsertmeistari Klassische Philharmonie Bonn, Trondheim Symfoniorkester, hljómsveit Íslensku Óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún kennir fiðluleik og kamertónlist við Tónlistarskólann í Reykjavík og Nýja tónlistarskólann. Una leikur á Camillo Camilli fiðlu sem smíðuð var 1732 í Mantua.



Gunnar Andreas Kristinsson

Gangverk englanna

Gunnar Andreas Kristinsson (1976) stundaði grunnnám í tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1997-2001 undir leiðsögn Kjartans Ólafssonar og Atla Heimis Sveinssonar en sótti tíma hjá Krzysztof Meyer þegar hann dvaldi sem skiptinemi við Tónlistarháskólann í Köln veturinn 1999-2000. Haustið 2001 lá leiðin í meistaranám við Konunglega tónlistarháskólann í Haag þar sem Martijn Padding, Diderik Wagenaar og Clarence Barlow kenndu honum til ársins 2004. Eftir útskrift starfaði Gunnar sjálfstætt við tónsmíðar í Hollandi og sótti samhliða því ýmis starfstengd námskeið. Hann fluttist til Íslands í árslok 2009 og hefur frá haustinu 2010 kennt tónsmíðar og tónfræði við LHÍ. Á ferli sínum hefur Gunnar samið verk af ýmsum toga, allt frá einleiksverkum til hljómsveitarverka. Þau hafa ratað inn á tónlistarhátíðir víðs vegar um Evrópu eins og til dæmis Listahátíð í Reykjavík, Myrka músíkdaga, Norræna músíkdaga, Ung Nordisk Musik, Gaudeamus Festival, Nederlandse Muziekdagen, Ultima Festival, Suså Festival og Darmstadt Summer Courses. Af nýlegum viðburðum má nefna að Dúó Harpverk frumflutti *PASSaCAGLia* á afmælistónleikum sínum í Iðnó, Strengjasveitin Skark frumflutti *Þræði* á Tónlistarhátíð Ungu fólksins í Salnum í Kópavogi og verkið *Introitus* var framlag Íslands í lokaathöfn Norræna kirkjutónlistarmótsins sem haldið var í Reykjavík síðastliðið haust. Nýútkominn er geisladiskurinn *Patterns* sem inniheldur verk eingöngu eftir Gunnar Andreas Kristinsson.

Um tónverkið segir tónskáldið:

„Lagrænn og hljómrænn efniviður *Gangverks englanna* er sóttur í íslenska þjóðvísu, *Vaki englar vöggu hjá*. Konan mín söng þessa vísu gjarnan þegar hún var að svæfa börnin okkar á kvöldin. Á meðan ég sat við skriftir í næsta herbergi hlýtur laglínan að hafa smokrað sér inn í undirmeðvitund mína og fléttast saman við ýmis vélræn ferli, nokkurs konar gangvirki, sem ég var heltekinn af á þeim tíma. Verkið var samið árið 2009 og valið til þátttöku í Tónskáldastofu Sinfóníuhljómsveitar Íslands ári síðar. Það hljómar nú opinberlega í fyrsta skipti.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Í Fréttablaðinu 2009 sagði Kjartan Ólafsson: „Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar hefur verið haldin frá árinu 1980. Að tónlistarhátíðinni stendur Tónskáldafélag Íslands í samstarfi við tónlistarfólk og -hópa með það að markmiði að koma á framfæri nýrri íslenskrí samtímatónlist, sem og annarri áhugaverðri tónlist hvaðanæva úr heiminum.“



Páll Ragnar Pálsson

Nostalgia, fiðlukonsert

Á unglingsárunum spilaði Páll Ragnar Pálsson (1977) á gítar í hljómsveitinni Maus. Þegar Maus hætti fann hann tónlistinni farveg í gegnum raftónlistarnám sem síðan leiddi í klassískt tónsmíðanám. Eftir að Páll útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2007 hélt hann áfram í MA námi við Eistnesku tónlistar-akademíuna undir leiðsögn Helenu Tulve og er nú í doktors-námi. Í Eistlandi fær hann innblástur frá þessari sérstöku blöndu af rússnesk-þýsku arfleifð, alvörugefnu viðhorfi til tónsmíða, hröðum breytingum í umhverfinu sem færast nær Evrópu nútímans og ósnertri náttúrunni. Verkið *Nostalgia* er samið sérstaklega til flutnings á Myrkum músíkdögum 2013 fyrir Sí-fóníuhljómsveit Íslands og aðalhljómsveitarstjóra hennar Ilan Volkov. Verkið er tileinkað Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara hljómsveitarinnar.

Um verkið segir Páll Ragnar:

„Verkið mitt, *Nostalgia*, er meðal annars innblásið af bók Alberts Camus, Goðsögninni um Sisýfos; kvikmyndum Andreis Tarkovski, sem eru fullar af vísunum í horfinn tíma; og síðast en ekki síst, veru mína í landi þar sem tíminn er ekki sá sami og ég ólst upp við. Í upphafi tónsmíðarinnar ríkir ákveðin stilla. Fljótlega er eins og leyndar tilfinningar taki á sér að bæra og þá hefst ferli þar sem þarf að kafa inn á við og reyna að skilja allt betur, á sama tíma og öll umgjörð flækist. Þessi þróun nær hápunkti og við tekur áframhaldandi ferli þar sem innviðir flækjunnar byrja loksins að skýrast, hlutir sem við vissum ekki áður koma í ljós.“

Kadenzan í fiðlukonsert Páls Ragnars, *Nostalgíu*, er eftir Unu Sveinbjarnardóttur og er með hefðbundnum hætti byggð á tónmáli konsertsins. Í henni kemur fyrir fjórfalt G, G4-hljómurinn (tónninn G hljómar samtímis á fjórum strengjum fiðlunnar) sem notaður er í lok einleiksglefsunnar *Brælu* sem kemur út 2013 og er eftir Unu.

UM TÓNSKÁLDIÐ

Á undanföllum áratugum hefur átt sér stað mikil þróun og gróska í tónlist sem tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er vettvangur fyrir. Á hverju ári vex hátíðinni ásmegin þar sem getur að heyra tónverk margra helstu tónskálda landsins. Fölbreytnin eykst ár hvert og nýjar kynslóðir tónlistarfólks eru kynntar til leiks á tónlistarhátíðinni.



Davíð Brynjar Franzson

on Sense and Subjectivity

Davíð Brynjar Franzson er sjálfstætt starfandi tónskáld í New York. Verk hans hafa meðal annars verið flutt af breska strengja-kvartettinum Arditti, ástralska samspilshópnum Elision, Avanti! í Helsinki, íslensku tónlistarhópunum Adapter og Caput, Eighth Blackbird í Chicago og Yarn/Wire í New York. Tónlist Davíðs Brynjars hefur verið flutt á hátíðum eins og Ultraschall og Maerz Musik í Berlín, Huddersfield Contemporary Music Festival í Englandi, Myrkum músíkdögum, Sláturtíð og Raflosti í Reykjavík. Upptökur af verkum Davíðs eru aðgengilegar hjá Innova, Spektral Records, Smekkleysu og Carrier Records. Síðastnefndu útgáfuna rekur Davíð í New York í samvinnu við Sam Pluta og Jeff Snyder.

Davíð dvaldi veturinn og vorið 2012 í listamiðstöðvunum Schloss Solitude í Stuttgart og Watermill Center á Long Island þar sem hann hóf vinnu við nýja kammeróperu ásamt Halldóri Úlfars-syni myndlistarmanni, Angelu Rawlings og Davyde Wachell. Davíð hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir verk sín, svo sem Stipendiumpreis á Darmstadt tónlistardögum, fyrstu verð-laun í Music 09 keppni Eighth Blackbird og fyrstu verðlaun í tón-smíðakeppni Loadbang í New York. *on Sense and Subjectivity* var pantað af Christoph Delz stofnuninni í Sviss sem eitt af þremur verkum í lokaumferð Christoph Delz tónsmíðasamkeppninnar.

Um verkið skrifar tónskáldið:

„**Hljóm-sveit:** Hópur hljóðfæraleikara; hljómrænt fyrirkomulag sem samanstendur af hópi hljóðfæra.

Hóp-ur: Mengi manna eða hluta sem mynda í samsetningu annað hvort fullgert skipulag eða aðgreindan hluta skipulags: mengi manneskja, dýra eða hluta sem standa í nálægð til að mynda heildareiningu; fjöldi manneskja eða hluta sem litið er á að myndi einingu sakir hvers kyns gagnkvæmra eða viðtekinnna tengsla, eða sem er flokkaður saman sakir ákveðinnar líkingar.

Að út-set-ja fyrir hljómsveit: Að útfæra tónverk fyrir hljómsveit og úthluta röddum til ýmissa hljóðfæra; að hagræða viðburði til að hámarka áhrif.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

„Tækifærið í myrkrinu“ var yfirskrift greinar sem Bergþóra Jónsdóttir ritaði um Myrka músíkdaga í Morgunblaðinu 2005. Þar sagði hún: „Myrkir músíkdagar hafa sýnt sig vera sá vettvangur sem hvað mestu máli skiptir við kynningu á íslenskrri tónlist hér heima, og þar er áherslan alltaf lögð á nýsköpun og frumflutning verka.“

Gerald Barry

Chevaux-de-frise



Írinn Gerald Barry (1952) nam við Háskólann í Dyflinni en lagði síðan leið sína til Amsterdam og Kölnar til framhaldsnáms þar sem kennarar hans voru Karlheinz Stockhausen og Mauricio Kagel. Afrakstur námsins lét ekki á sér standa og árið 1979 komst hann í sviðsljósið með róttæku samspilsverkunum „_____“ og *Ø*. Mörg verka Gerald Barry hafa verið samin að beiðni BBC, þar á meðal *Chevaux-de-frise*. Verkið var frumflutt af Ulster hljómsveitinni, undir stjórn Roberts Houlihan, á Proms-tónlistarhátíðinni 1988 og í Royal Albert Hall í London.

Titill verksins, *Chevaux-de-frise*, kemur úr hernaði en cheval-de-frise var færanlegur gaddadrumbur sem notaður var til að hindra framgang riddaraliðsárása á 17. öld eða tálmi þar sem gaddar eða brotið gler var staðsett ofan á vegg. Yfirfærð merking á við um erfiðar klásúllur í bókmenntum en upprunamerking cheval-de-frise er hestur frá Frísalandi. Af titli tónverksins að dæma má búast við vel ydduðum hljóðheimi, herkænsku, alvarleika og markvissri uppbyggingu. Það kemur á daginn. Keimlíkt, síendurtekið byggingarefnið í upphafi tónverksins er vélrænt, kerfisbundið og kalt og illmögulegt að greina nokkuð annað en þéttan hljóðmassa eða iðu tóna ásamt stöðugri hrynjandi. Hljóðmassinn þynnist sjaldan í verkinu því engum einleikshendingum bregður fyrir. Hljómsveitarútsetningin er hrá en ólga og kraftur tónlistarinnar verður ágengari eftir því sem á verkið líður. Álagið á hlustendur og hljóðfæraleikara helst til loka tónverksins sem endar jafn snögglega og það hófst.

Chevaux-de-frise var samið 1988 í tilefni af 400 ára ártíð Flotans ósigrandi, herskipaflota Filippusar 2. Spánarkonungs sem hann sendi gegn Englendingum 1588. Flotinn sökk að hluta eftir mikla svaðilför í óveðri undan vesturströnd Írlands en tónhæðir í *Chevaux-de-frise* eru að nokkru leyti ákvarðaðar út frá nöfnum spænskra herskipa sem tortímdust í átökunum.

Barry nýtir fyrirliggjandi efnivið og leitar fanga víða fyrir tónsmíðar sínar. Hann vinnur til að mynda með tónlist frá ýmsum

tímabilum tónlistarsögunnar og þjóðlagaarf en máir út öll tengsl við upprunann, þannig að venzl og skyldleiki verða ósýnileg, allavega á yfirborðinu. Þannig nýtir hann og umbreytir endurreisnarlaginu *Like as the Sun* í tónverkinu *Chevaux-de-frise*.

Barry hefur starfað í langan tíma með Birmingham Contemporary Music Group en hann samdi *Wiener Blut*, *Dead March* og *Beethoven* sérstaklega fyrir hópinn. Árið 2001 var hann beðinn um að semja tónlist við *God Save The Queen* fyrir kór, barnakór og hljómsveit í tilefni af 50 ára afmælishátíðar Royal Festival Hall. Á meðal nýlegra verka Barrys má nefna strengjakvartettinn *First Sorrow* sem saminn var fyrir Crash hljóðfærahópin og *Feldmans Six-Penny Editions* sem samið var fyrir London Sinfonietta og Saint Paul kammersveitina. Í apríl síðastliðnum var fimmta ópera Barrys, *The Importance of Being Earnest*, frumflutt í Barbican menningarmiðstöðinni í London. Óperan er samvinnuverkefni Barbican og Fílharmóníusveitar Los Angeles-borgar. Uppfærslur á óperunni eru fyrirhugaðar 2013 og 2014 í Opera Nationale de Lorraine - Nancy, The ROH Linbury og í New York City Opera.

Tónlist Gerald's Barry hefur verið hljóðrituð hjá NMC, Largo, Black Box, Marco Polo, BVHaast og RTE.

Hjördís Ástráðsdóttir

UM TÓNSKÁLDIÐ

Í *The Guardian* mátti lesa umfjöllun um tónverk tónskáldsins þar sem segir að tónlist Barrys sé „heimur skarpra skila, útlístaðra af nákvæmni en samt með algjörlega ófyrirsjáanlegum tónlistarlegum tilgangi. Harka demantsins, skopskyn og á stundum ofbeldi einkenna tónlist hans sem hljómar sem engin önnur.“



Vestur um haf

Þriðjudagurinn 26. febrúar kl. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands er boðið á Norrænu menningarháttíðina Nordic Cool sem Kennedy Center í Washington DC stendur fyrir dagana 19. febrúar til 17. mars 2013.

Sinfóníuhljómsveit Íslands flýgur vestur um haf með spennandi efnisskrá í farteskinu sem flutt verður í Hörpu fyrir tónleikaförina. Af fjórum tónverkum efnisskrárinnar eru tvö íslensk tónverk. Nýtt verk, *bd*, eftir Hlyn Aðils Vilmarsson og *AERIALITY* eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Á efnisskránni eru jafnframt *Píanókonsert í a-moll* eftir Edvard Grieg og *Lemminkäinen-svítan op. 22* eftir Jean Sibelius. Einleikari með hljómsveitinni verður bandaríski píanóleikarinn Garrick Ohlsson en hann vann til fyrstu verðlauna í Chopin-píanókeppninni árið 1970 og síðan þá hefur hann öðlast alþjóðlegan sess sem einleikari.

Sinfóníuhljómsveit Íslands verður með sérstaka skólatónleika í Kennedy Center þar sem Maxímús Músíkús leikur á alls oddi. Tónleikarnir eru haldnir að ósk forsvarsmanna menningarmiðstöðvarinnar og er enginn vafi á því að Maxi á eftir að heilla alla nærstadda upp úr skónum.

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Garrick Ohlsson einleikari



Tectonics

tónlistarhátíð 18.-21. apríl

Fjögurra daga hátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands með samtímatónlist undir listrænni stjórn Ilans Volkov verður haldin öðru sinni. Tectonics-tónlistarhátíðin sem hleypt var af stokkunum í marsmánuði í fyrra hlaut einróma lof innanlands sem utan. Á hátíðinni slást heimamenn og gestir í tónlist og listum í för með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kynna fjölbreytt verk á nýjan og einstæðan máta. Ýmis rými Hörpu ásamt ólíkum eiginleikum og hljóðvistarlandslagi tónleikasala hússins verða nýtt til hins ýtrasta.

Sérstakur gestur hátíðarinnar í ár verður Christian Wolff, tónskáld og píanóleikari. Á hátíðinni hljóma meðal annars verk eftir Hildi Guðnadóttur, Eyvind Kang, People like us og Atla Ingólfsson en nýr píanókonsert eftir hann verður frumfluttur af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Víkingi Heiðari Ólafssyni.

Taka tvö á Tectonics verður eflaust ævintýri þar sem flytjendur og hlustendur verða í frjálsum falli án öryggisnets.

Á Tectonics-tónlistarhátíðinni er sígild samtímatónlist flutt í bland við ný form tónlistar. Á þessu ári verður Tectonics tónlistarhátíðin haldin í tveimur borgum, Reykjavík og Glasgow, með Sinfóníuhljómsveit Íslands og BBC Scottish Symphony Orchestra.

Ilan Volkov listrænn stjórnandi



ENNEMM / SJIA / NM54421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

Hljómsveit á tónleikum

31. janúar 2013

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Greta Guðnadóttir
Rut Ingólfssdóttir
Andrzej Kleina
Mark Reedman
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Ísak Rikharðsson
Margrét Þorsteinsdóttir
Sígurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristín B. Ragnarsdóttir
Christian Diethard
Þórdís Stross
Pétur Björnsson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður A. Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Ásdís Runólfssdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Auður Ingvadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydís Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

HARMONIKKA

Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum
Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestasjóða

Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA

GAM Management hf



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Einar Jóhannesson og fjórir klarínettukonsertar



Nýr hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út.

Á nýjum hljómdisk flytur Einar Jóhannesson, einn fremsti einleikari landsins, fjóra klarínettukonserta með Sinfóníuhljómsveitinni eftir Mozart, Weber, Debussy og Jón Nordal. Hljómdiskurinn er hluti af útgáfuröð með helstu einleikurum úr röðum hljómsveitarinnar og fæst hjá 12 Tónum í Hörpu og víðar.

Diskurinn er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 í flokki klassískrar og samtímatónlistar. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Einar Jóhannesson eru einnig tilnefnd sem flytjandi ársins í sama flokki.

